

Efndir og vanefndir fyrirheita í stöðugleikasáttmála

Helstu markmið stöðugleikasáttmálans eru eftirfarandi:

- Í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5%.
- Halli hins opinbera verði ekki meiri en 10,5% af VLF árið 2009.
- Gengi krónunnar styrkist og nálgist jafnvægisgengi.
- Vaxtamunur við evrusvæðið verði innan við 4%.
- Skilyrði verði sköpuð fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila, auknum hagvexti og nýrri sókn í atvinnumálum.

1. Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum

„Í ljósi þess að tekjustofnar ríkisins dragast mikið saman er mikilvægt að hlutdeild tekjuöflunar í aðgerðunum verði ekki of mikil. Skattar verði lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða eftir yfirstandandi ár og ekki samtals hærra en 45% þeirra fyrir árin 2009 – 2011.“

Niðurstaða: SA hafa áætlað að skattar hafi verið hækkaðir árin 2009 og 2010 um rúmlega 70 milljarða króna frá því sem þeir voru á fyrri hluta ársins 2009 og að ríkisútgjöld hafi verið lækkuð um 35 milljarða króna. Ríkisútgjöld þurfa þ.a.l. að lækka um 50 milljarða króna á næsta ári til þess að staðið verði við það ákvæði að 45% aðlögunarþarfarinnar sé mætt með skattahækkunum og 55% með gjaldalækkunum.

2. Bætt staða lántakenda og skuldsettra heimila

Niðurstaða: Ríkisstjórnin kynnti umfangsmiklar aðgerðir þann 17. mars 2010. Með þeim var komið til móts við gagnrýni verkalyðshreyfingarinnar og hefur ASÍ lýst stuðningi við þær.

3. Framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu

„Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.“

Ríkisstjórnin gangi til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir sbr. minnisblað vegna verklegra framkvæmda dags. 16.06.2009 o.fl. með sérstakri fjármögnun. Stefnt skal að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða verði lokið fyrir 1. september 2009.“

Niðurstaða: Enn eru ýmsar hindranir á sviði orkumála sem standa í vegi framkvæmda vegna álvera og annara iðnaðarkosta. Framkvæmdir við byggingu álvers í Helguvík tefjast, m.a. vegna óvissu um orkuöflun. Skipulagsmál tefja uppbyggingu orkuvera á Suðurnesjum og ríkisstjórnin hefur stöðvað undirbúning virkjana í neðri hluta þjórsár. Undirbúningur Búðarhálsvirkjunar stækkunar álversins í Straumsvík er í eðlilegum farvegi. Lítið hefur komið út úr viðræðum stjórnvalda og lífeyrissjóða ef frá er talinn undirbúningur að byggingu nýs Landspítala. Áformuð bygging samgöngumiðstöðvar í Reykjavík hefur dregist, en áformað er að lífeyrissjóðir komi að fjármögnun hennar. Alemennt er ekki nægileg áhersla lögð á aðgerðir í atvinnumálum og baráttu gegn atvinnuleysi.

4. Endurreisn bankanna

„Eigendastefna ríkisins gagnvart bönkunum feli í sér að erlendir aðilar geti eignast meirihluta í einhverjum nýju bankanna og eftir atvikum öðrum fjármálafyrirtækjum.“

Niðurstaða: Eignarhald kröfuhafa á Arion banka og Íslandsbanka hefur uppfyllt markmið sáttmálans um endurreisn bankanna og þar með var komið í veg fyrir að svo til allt bankakerfið í landinu yrði ríkisrekið.

5. Endurreisn atvinnulífsins og samfélagsleg ábyrgð

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins móti sameiginlega viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila að atvinnustarfsemi og eignarhaldi fyrirtækja.

Niðurstaða: Nefnd aðila sáttmálans vinnur að tillögum í þessu máli.

6. Hömlur á gjaldeyrisviðskipti

„Hömlum á gjaldeyrisviðskiptum verði aflétt í áföngum í samræmi við tímasetta áætlun ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að koma stöðugleika á gengi íslensku krónunnar.“

Niðurstaða: Gjalddeyrishöftin hafa verið hert og er afnám þeirra ekki í sjónmáli.

7. Málefni lífeyrissjóða

„Ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Farið verður yfir málin frá grunni án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflokk.“

Niðurstaða: Nefnd aðila að stöðugleikasáttmálanum hefur nýlega hafið störf.

8. Lækkun vaxta

„Aðilar vinnumarkaðarins treysta því að með þessum stöðugleikasáttmála skapist forsendur fyrir því að stýrivextir Seðlabanka Íslands lækki í eins stafs tölu fyrir 1. nóvember 2009.“

Niðurstaða: Vextir hafa lækkað minna en vonast var til. Stýrivextir eru 9% og vaxtamunur gagnvart evru er 8% sem er tvöfalt meiri munur en stefnt var að.

9. Samstarf um eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskírteini

„Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld taki upp virkt samstarf um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini í samræmi við bókun ASÍ og SA frá 17. febrúar 2008.“

Niðurstaða: Frumvarp um vinnustaðaskírteini hefur verið samið og lagt fram á Alþingi.

10. Framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008 og tengd atriði

„Lögfest verði gjald í Starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnulífinu á árinu 2009.“ „Lögfesta skal framlög til sjóðsins frá lífeyrissjóðum þannig að greiðsla hefjist 1. júlí 2010.“

Niðurstaða: Hvorki gjaldskylda atvinnulífsins né framlög lífeyrissjóða hafa verið lögfest.

11. Fyrirvari Samtaka atvinnulífsins vegna sjávarútvegsins

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 28. október 2009:

„Ríkisstjórnin lýsir því yfir að engin breyting hefur orðið varðandi þann sáttafarveg sem endurskoðun fiskveiðistjórnunarinnar var sett í með skipun nefndar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í sumar, þar sem forsenda nefndarstarfsins er að skapa sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði til langs tíma.“

Niðurstaða: Engin sátt er við atvinnulífið um áformaðar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða og málið ekki farið í þann sáttafarveg sem heitið var. Þann 22. febrúar 2010 sendu SA forsætisráðherra bréf þar sem kynnt var sú afstaða samtakanna að yrði frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, svokallað skötuselsmál, samþykkt á Alþingi myndi framkvæmdastjórn SA leita eftir staðfestingu stjórnar SA á því að þau telji sig þar með óbundin með öllu af ákvæðum stöðugleikasáttmálans enda hafi honum þá verið slitið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Á fundi stjórnar SA þann 22. mars samþykkti hún einróma tillögu framkvæmdastjórnarinnar.